

Reykjavík, 14. desember 2012

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Varðar: Frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum (tekjuöflunaraðgerðir, kjarasamningar, verðlagsbreytingar o.fl.), 468. mál.

SFF hafa fengið til umsagnar framangreint frumvarp og gera eftirfarandi athugasemdir.

A. Fjársýsluskattur

Samtök fjármálafyrirtækja lýsa mikilli óánægju varðandi fjársýsluskattinn almennt og þá hækkun sem lögð er til með frumvarpinu. Meginsjónarmið SFF eru eftirfarandi:

Fjársýsluskatturinn er ekki í samræmi við skattlagningu á fjármálafyrirtæki á Evrópska efnahagssvæðinu. Um er að ræða sérstaka íslenska skattlagningu. Fyrri áform ESB um að leggja hliðstæðan skatt á fjármálafyrirtækin hafa alfarið verið lögð af og nú er til umræðu veltuskattur á fjármálaþjónustu. Hafa einhver ríki lýst vilja til að setja á slíkan skatt en ekki er heildstæð samstaða um málið innan ESB. Fjársýsluskatturinn hér á landi bætist ofan á sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki sem lagður er á skuldir fjármálafyrirtækja. Meginatriðið hér er að skattlagning íslenskra fjármálafyrirtækja sé hliðstæð því sem gerist í nágrannalöndum til að forða því að samkeppnisstaða innlendra fjármálafyrirtækja skekkist ekki og fjármálaþjónusta verði ekki dýrari hér á landi en erlendis.

Ótekjutengd gjöld fjármálafyrirtækja nema á þessu ári um 14 milljörðum króna og þar með talin eru gjöld vegna rekstrarkostnaðar Fjármálaeftirlits og umboðsmanns skuldara, auk sérstaks skatts á fjármálafyrirtæki sem nefndur var að ofan. Ótekjutengd gjöld námu um 4 milljörðum króna á árinu 2007 og hafa rúmlega þrefaldast. Á sama tíma hefur fjármálakerfið minnkað um 75%. Til samanburðar voru laun og launatengd gjöld stærstu bankanna þriggja um 26 milljarðar króna á árinu 2011 og ótekjutengd gjöld því veruleg í hlutfalli við eiginlegan rekstrarkostnað fjármálafyrirtækjanna. Í heild hafa þessi gjöld umtalsverð áhrif til hækkunar á kostnaði fjármálafyrirtækja og ýta undir hærri vaxtamun, þóknanir og kostnaði við tryggingar. Mótsagnakennt er af hálfu stjórnvalda að þrýsta á um lægri vaxtamun og þóknanagjöld á sama tíma og aukin gjaldtaka hefur afgerandi áhrif til að auka kostnað við veitingu fjármálaþjónustu.

Mörg nágrannaríki hafa á undanförmum árum lagt áherslu á að draga úr skattlagningu sem leiðir til aukningar á kostnaði við framleiðslu eða veitingu þjónustu. Tilgangurinn er að örva eftirspurn eftir vinnuafli og styrkja samkeppnishæfni innlands atvinnulífs. Vaxandi samkeppni frá nýjum framleiðslusvæðum með lágan framleiðslukostnað hefur gert þessi viðbrögð nauðsynlegri en ella. Fjársýsluskatturinn leggst beint á rekstrarkostnað fyrirtækjanna og gerir þjónustu þeirra dýrari en ella fyrir heimili og fyrirtæki. Vegna eðlis fjármálafyrirtækjanna sem viðskiptaaðila nánast allra fyrirtækja í landinu mun þessi skattur leggjast óbeint á nánast alla framleiðslustarfsemi hér á landi.

Þegar fjársýsluskatturinn var kynntur til sögunnar haustið 2011 var því haldið fram að hann myndi stuðla að því að draga úr háum launum eða hækkun launa hjá fjármálafyrirtækjum þar sem hann leiddi til beinnar hækkunar á launakostnaði fjármálafyrirtækja. Líklegt er að mati SFF að skatturinn hafi þveröfug áhrif. Fjársýsluskatturinn mun veikja rekstur þeirra rekstrareininga fjármálafyrirtækja sem lakast standa. Í flestum tilvikum er það útibúastarfsemi sem er í veikastrí stöðu eins og sést m.a. af fækkun þeirra á undanföllum árum, sérstaklega á landsbyggðinni. Starfsfólk útibúanna er að stærstum hluta kvenfólk og því mun skatturinn stuðla að því að fækka atvinnutækifærum kvenna á landsbyggðinni. Vegna áhrifa skattsins á afkomu útibúa banka og sparisjóða mun skatturinn í heild frekar stuðla að fækkun starfa þar sem laun eru hlutfallslega lág. Þá er hætta á því að skattur af þessum toga yti undir útvistun verkefna.

Talsvert samráð átti sér stað fyrir afgreiðslu málsins síðastliðið haust, bæði við stjórnvöld og Alþingi sem meðal annars fól í sér þá niðurstöðu að helmingur þeirra fjárhæðar sem ætlað var að afla með fjársýsluskattinum var færður yfir í sérstakan tekjuskattsauka, svonefnda sérstakan fjársýsluskatt. **Skilningur fjármálafyrirtækjanna var að þar með hefði verið gert samkomulag til nokkurra ára um þessa skattlagningu og ekki ætti að hrófla við málinu strax árið eftir. Tillaga nú um hækkun á hlutfalli fjársýsluskatts úr 5,45% í 6,75%, eða fjórðungshækkun, gengur gegn því samkomulagi sem gert var.**

Útlit er fyrir að tekjur af sérstökum fjársýsluskatti á þessu ári verði talsvert minni en áætlað hafði verið. Ástæðan er fyrst og fremst óvæntur dómur um framkvæmd endurútreiknings gengislána sem féll snemma á árinu og leiddi til gjaldfærslu hjá mörgum lánastofnunum sem færð var á árið 2011. Af þeim sökum var tekjuskattsstofn þeirra mun minni en áður hafði verið áætlað. Hér er um einskíptis áhrif að ræða. Á móti þessu vegur að innheimta tekjuskatts undanfarin ár hefur verið mun meiri en áætlað hafði verið auk þess að reikna má með að innheimtar tekjur af fjársýsluskatti verði á þessu ári nokkuð meiri en áætlað hafði verið í fjárlögum 2012. Þá eru horfur um hagnað á þessu ári góðar. Samkvæmt 9 mánaða uppgjöri stóru bankanna þriggja er hagnaður fyrir skatt rúmir 48 milljarðar króna. Ónýttir frádráttarliðir frá hagnaði vegna útreiknings tekjuskattstofns eru að mestu fullnýttir. Ekki eru fyrirsjáanlegir neindir þættir sem myndu hafa afturvirk áhrif til lækkunar tekjuskattstofns. **Útlit er því fyrir að innheimta sérstaks fjársýsluskatts á árinu 2013 gæti bætt frávik þessa árs.**

Þá finnst SFF skjóta skökku við að á sama tíma og tillaga er gerð um að hækka fjársýsluskattinn (0,9 ma.kr) er í sama frumvarpi felld niður síðari greiðsla lífeyrissjóða (1,4 ma.kr) vegna þátttöku þeirra í sérstakri niðurgreiðslu vaxta samkvæmt samkomulagi við stjórnvöld í desember 2010. **Réttara hefði verið að lífeyrissjóðirnir stæðu við sínar skuldbindingar. Þá væri hækkun fjársýsluskatts óþörf.**

B. Skattskylda erlendra aðila af vaxtatekjum

Með 4. gr. frumvarpsins er lagt til að felldur verði brott 8. tl. 4 gr. tekjuskattslaga og þar með skattskylda erlendra aðila af vaxtatekjum felld niður frá og með 1. janúar 2013. SFF fagna þessu þar sem skattskyldan hefur leitt af sér alvarlegar hindranir við útgáfu og skráningu alþjóðlegra skuldabréfamma (EMTN) af hálfu íslenskra fjármálafyrirtækja. Ástæðan er sú að að erlend greiðslumiðlunarfyrtæki hafa hafnað því að taka íslensk bréf til viðskipta á erlendum mörkuðum vegna ómöguleika við framkvæmd íslenskra laga um þetta efni.

C. Skattlagning afleiðusamninga

Í 4.-8. gr. eru ákvæði sem ætlað er að breyta gildandi rétti um skattlagningu afleiðusamninga. Gert er ráð fyrir að hagnaður af afleiðusamningum, að undanskildum vaxtaskiptasamningum, verði meðhöndlaður sem söluhagnaður í stað fjármagnstekna. Hér er um mjög jákvætt skref að ræða og með þessu er skattaleg meðferð afleiða færð til samræmis við það sem almennt tíðkast í nágrennaríkjunum. Þó er ástæða til að benda á að enn kunna að standa út af einhver atriði sem starfshópur fjármálaráðuneytis lagði til að tekið yrði á í skýrslu sinni um þessi mál frá júní 2012. Má sem dæmi nefna að hópurinn benti á nauðsyn þess að settar yrðu reglur um tímamark uppgjörs í samræmi við dóm Hæstaréttar, nr. 130/2011, sem kveðinn var upp þann 19. janúar 2012. Í dag er framkvæmdin sú að við framlengingu samninga er litið svo á að samningunum ljúki sem leiðir til lokauppgjörs. Þá benti hópurinn á að hafa þyrfti í huga að jafnan er um fleiri en einn samning að ræða og því vakni sú spurning hvort heimila eigi að jafna hagnaði af einum samningi við tap á öðrum innan ársins sbr. 24. og 31. gr. tekjuskattslaga.

D. Framlenging bráðabirgðaákvæða í stimpillögum

Í 36. gr. er gert ráð fyrir framlengingu bráðabirgðaákvæða í stimpillögum sem heimila niðurfellingu stimpilgjalds af skilmálabreytingum fasteignalána og bílálána um eitt ár. SFF fagna þessu þar sem skuldaúrvinnsla heimila er ekki að fullu lokið eftir efnahagshrunið 2008. Þó er bent á að best færi á því að festa í sessi stimpilfrelsi skjala sem til eru komin vegna endurfjármögnunar en það myndi stuðla að aukinni samkeppni á fjármálamarkaði og auka þannig hag lánþega. Þá má minna á að stjórnvöld eru nú þegar skuldbundin til að afnema stimpilgjöld við endurfjármögnun lána samanber heimild Eftirlitsstofnunar EFTA fyrir ríkisaðstoð við Arion banka, Íslandsbanka og Landsbanka.

E. Framlenging bráðabirgðaákvæða tekjuskattslaga um skattfrelsi afskrifta skulda

Skuldaúrvinnsla heimila og fyrirtækja er ekki að fullu lokið hjá fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum og Íbúðalánasjóði vegna efnahagshrunsins. Því benda SFF á að full ástæða er til þess að framlengja a.m.k. um eitt ár bráðabirgðaákvæði tekjuskattslaga nr. XXXVI um skuldaúrvinnslu fyrirtækja og nr. XXXVII vegna skuldaúrvinnslu einstaklinga.

Virðingarfyllst,



Fylgiskjal:

Opinber gjöld fjármálafyrirtækja 2007-2012 - Gögn ná til allra aðildarféлага SFF

Í milljónum króna	2007	2008	2009	2010	2011	Áætlun 2012
Tryggingasjóður innstæðueigenda	1.316	3.068	2.415	2.421	4.142	3.000
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, 0,0875%% af skuldum					1.959	2.058
Tryggingagjald	2.312	2.972	2.204	2.681	3.313	3.204
Álagður tekjuskattur	17.524	17.421	8.370	20.780	12.669	6.842
Fasteignagjöld	N/A	639	733	317	328	362
Almennt eftirlitsgjald vegna Fjármálaeftirlits	483	665	538	654	1.000	1.155
Viðbótareftirlit**	0	273	1.824	183	39	16
Fjármálaeftirlit samtals	483	938	2.363	837	1.039	1.171
Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, 041% af skuldum	0	0	0	994	1.006	1.034
UMS / Ráðgjafastofa heimilanna	N/A	20	26	247	486	564
Fjársluskattur, 5,45% af launum						2.186
Sérstakur fjársluskattur, 6% af hagnaði umfram 1 ma.kr.						2.809
Samtals öll gjöld	21.635	25.059	16.111	28.277	24.942	23.230
Samtals ótekjutengd gjöld	4.111	7.638	7.741	7.497	12.273	13.579

Tölur fyrir 2011 og 2012 byggðar á beinum upplýsingum frá aðildarfyrirtækjum,

Tölur fyrir 2012 eru áætlaðar að hluta

lðgjald til TIF er áætlað byggt á áætlun sjóðsins.